



UvA-DARE (Digital Academic Repository)

RITDÓMUR: SKÁLHOLT. EXCAVATIONS OF A BISHOP'S RESIDENCE AND SCHOOL C. 1650-1790 Volume 1

The Site, Gavin Lucas og Mjöll Snæsdóttir, með viðauka eftir Birnu Lárusdóttur. Skálholt

Symonds, J.

Publication date

2024

Document Version

Final published version

Published in

Árbók Hins íslenska fornleifafélags

[Link to publication](#)

Citation for published version (APA):

Symonds, J. (2024). RITDÓMUR: SKÁLHOLT. EXCAVATIONS OF A BISHOP'S RESIDENCE AND SCHOOL C. 1650-1790 Volume 1: The Site, Gavin Lucas og Mjöll Snæsdóttir, með viðauka eftir Birnu Lárusdóttur. Skálholt . *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*(112), 211-216.

General rights

It is not permitted to download or to forward/distribute the text or part of it without the consent of the author(s) and/or copyright holder(s), other than for strictly personal, individual use, unless the work is under an open content license (like Creative Commons).

Disclaimer/Complaints regulations

If you believe that digital publication of certain material infringes any of your rights or (privacy) interests, please let the Library know, stating your reasons. In case of a legitimate complaint, the Library will make the material inaccessible and/or remove it from the website. Please Ask the Library: <https://uba.uva.nl/en/contact>, or a letter to: Library of the University of Amsterdam, Secretariat, Singel 425, 1012 WP Amsterdam, The Netherlands. You will be contacted as soon as possible.

JAMES SYMONDS

RITDÓMUR: SKÁLHOLT.
EXCAVATIONS OF A BISHOP'S RESIDENCE
AND SCHOOL C. 1650-1790

Volume 1: The Site

Gavin Lucas og Mjöll Snæsdóttir,
með viðauka eftir Birnu
Lárusdóttur.

*Skálholt. Excavations of a bishop's
residence and school c. 1650-1790*

Volume 1: The Site


Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
Monograph nr.2, 2022.

ISSN 1670-8431

ISBN 978-9979-3-3

Síðastliðin 25 ár hefur Gavin Lucas fest sig í sessi sem einn af fremstu fræðimönnum á sviði fornleifafraeði. Kenni maður fornleifafraeði á ensku, líkt og ég geri, má telja víst að inni á skrifstofunni megi finna í bókahillum fjölmargar bækur

hans sem fjalla um hugmyndir um tíma, nálganir í vettvangsvinnu og fornleifaskráningu og leiðir til að skrifa um fornleifafraeði. Ég vil ekki að Gavin fari hjá sér en ég myndi þó halda því fram að vaskleg framgang hans innan fornleifafraeðinnar hafi tryggt honum sæti við háborðið í Valhöll. En svo er það þetta, ólíkt sumum sem vildu vera risar innan greinarinnar þá er Gavin mjög naskur uppgrafarstjóri. Áður en hann flutti „norður“ hafði hann mokað þó nokkra skurðina í fjölda stórra verkefna, einkum á láglandi Austur-Englands á vegum Cambridge Archeology Unit. Þannig



að það sem við höfum hér er sjaldséður hrafn, maður sem getur gert grein fyrir kenningum Paul Ricoeur og Maurice Merleau-Ponty en sem hefur líka varið tíma á grúfu í þágu fornleifarannsókna og er vanur því að vera með sorgarrendur undir nöglunum.

Af þessum sökum var það gríðarlega ánægjulegt þegar fóðrað umslag datt inn um lúguna hjá mér og hafði að geyma veglega, innbundna uppgraftrarskýrslu eftir Gavin, Mjöll Snæsdóttur og Birnu Lárusdóttur, með beiðni um ritrýni. Skálholt er tilkomumikil bók. Þetta er fyrsta bindi af þremur um niðurstöður fornleifarannsókna á biskupssetrinu og skólanum og telur 228 blaðsíður, inniheldur 223 myndir og 17 töflur. Fallegt umbrotið er eftir Guðrúnu Finnbjarnardóttur. Bindið er skrifað á ensku, með útdrátt á íslensku, og skoðar jarðlög og þróun húsagerðar í Skálholti. Fyrirhuguð næstu tvö bindi munu fjalla um ríkulegt safn gripa, dýra- og plöntuleifa sem hafa fundist í byggingum frá sautjándu og átjándu öld.

Jæja, en hvað get ég sagt um þetta tilkomumikla bindi til að hvetja til lesturs á því? Fyrst og fremst býður bókinn upp á merkilega innsýn í lífnaðarhætti efri stétta íslensks samfélags á sautjándu og átjándu öld. Þetta ætti að vekja áhuga sagnfræðinga og fornleifafræðinga á Íslandi, í Danmörku og Noregi, en ætti einnig að skipta máli fyrir alþjóðlega fræðimenn víðar sem hafa áhuga á menningarlegum, hagfræðilegum og trúarlegum breytingum á samfélögum í Norður-Atlantshafi, auk efnislegum birtingarmyndum nútímans.¹ Á síðasta áratug tuttugustu aldar lagði Charles Orser hart að fornleifafræðingum á sviði nútímasögu að grafa staðbundið en hugsa hnattrænt – „dig locally, think globally.“² Fylkingarorð Orser voru undanfari hins mikla áhuga fræðimanna í samtímanum á flæði og hreyfingu fólks og hluta (e. *mobilities*).³ Nýlegri vendingar í kenningum um hluti innan sagnfræðinnar (e. *material turn*) hafa aukið áhuga á þverþjóðlegri sagnfræði og hvatt rannsakendur til þess að fylgja flæði hluta þvert á landamæri og setja þá í hnattrænt samhengi.⁴

Í fyrsta kafla fara Gavin og Mjöll yfir langa sögu fornleifarannsókna í Skálholti, sem hófust á sjötta áratug síðustu aldar áður en nýja kirkjan var reist, og kynna uppgröftinn sem þau stjórnðu á árunum 2002–7. Fjármagnið sem lagt var í þessa uppgrefti og langt rannsóknarferlið sem tók við í kjölfar þeirra nam um það bil 100 milljónum íslenskra króna í heildina. Það er stórmerkilegur árangur að koma verkefni af þessari stærðargráðu til

1 Lucas 2010.

2 Orser 1996, bls. 183.

3 Beaudry & Parno 2013.

4 Findlen 2021.

útgáfu og Skálholt mun án efa festast í sessi sem tímamótaverkefni á sviði íslenskrar, og reyndar einnig alþjóðlegrar sögulegrar fornleifafræði.

Þegar Gavin og samstarfsfólk settu rannsóknarrámið gættu þau þess vandlega að fara út fyrir klisjuna um „stóra uppgröftinn“ sem meiriháttar fornleifauppgröft einangraðan frá umhverfinu. Birna Lárusdóttir hefur af mikilli hind sett byggingarnar sem grafnar voru upp í samhengi við landslagið, og rökstyður það með ítarlegum útgefnum heimildum um tengd efni (bls. 7–19). Þessi rannsókn leiðir í ljós tvö mikilvæg atriði. Annars vegar er það að þótt ekki komi á óvart að sjálf bæjarhúsin í Skálholti séu ólík að stærð og umfangi en gengur og gerist á Íslandi, þá spegla heimatún og útengi ekki mikilfengleikann að stærð. Þess í stað má víða í umhverfinu finna fjölda stekkja og heystæða, auk selja. Þessi mannvirki sýna sterk tök biskups í sveitinni þar sem landið er nýtt sem beitarnad og tún undir heyskap fyrir biskupssetrið.

Í öðrum kafla er að finna ítarlega yfirsýn yfir fornleifarannsóknirnar sem fóru fram í sex lotum milli 2002–2007. Heildarmarkmið og aðferðir eru skýrt settar fram, auk aðferðarfræði við að skrá uppgröftinn. Hún studdist við aðlagða útgáfu af bresku einingaaðferðinni, ekki óskynsamlegt þar sem hún er komin til ára sinna. Í löngu máli er farið yfir gildi þess að samþætta skjöl svo sem kort, ljósmyndir og ritaðar heimildir enda reyndist það einkar vel í verkefninu. Í þessu tilfelli hafði verkefnið því láni að fagna að hafa erfitt persónulegt skjalasafn Harðar Ágústssonar heitins, sem varði fjölda ára í að skoða byggingasögu Skálholts. Sögufrægur staður af þessari stærðargráðu með jafn mikið efnahagslegt mikilvægi mun ávallt búa yfir gnótt af sögulegum heimildum, þar með talið lýsingum á byggingum, skráum yfir húsgögn, innréttingar og aðrar vörur, og þar sem að Skálholt gegndi mikilvægu pólitísku hlutverki er einnig mögulegt að finna frásagnir erlendra gesta víða að frá Norður- og Mið-Evrópu. Eitt nafn vakti einkum athygli mína, Joseph Banks, en hann var breskur náttúrufræðingur og grasafræðingur sem heimsótti biskup og skólameistarann í Skálholti 22. september 1772, aðeins nokkrum mánuðum eftir að hann snéri aftur til Englands úr þriggja ára för til Kyrrahafsins með James Cook landkönnuði. Í dagbók Banks kemur fram að hann borðaði hrísgrjónagraut, lambasteik og ávexti með karrísósu í kvöldmat, að skólameistararnir og prestarnir hafi orðið drukknir og að sængin hans hafi verið of lítil (bls. 32). Maður getur aðeins velt því fyrir sér hvort hinn 28 ára gamli Banks hafi þreytt eða gengið fram af borðfélögum sínum með sögum af Māori stríðsmönnum og ungu konunum á Tahítí. Öðrum kafla lýkur svo með stuttri kveðju

til þeirra fjölmörgu sem tóku þátt í vettvangsvinnunni milli 2002-7, auk þakka til og ljósmynda af uppgraftarteyminu (bls. 35-36).

Þriðji kafli hefur að geyma nákvæmar lýsingar á byggingunum sem grafnar voru upp. Þetta er meginuppistaða ritsins, telur 138 síður og 175 myndir. Þar sem svæðið er flókið hefur ekki verið gerð tilraun til að skipta því í tímabil (þótt á það sé látið reyna í kafla 4). Hverri og einni byggingu er fengið rómverskt númer, frá I-XXXV, og þeim er lýst einni af annarri ásamt tilheyrandi uppdráttum eða ljósmyndum. Ég verð að viðurkenna að notkun rómverskrar tölusetningar minnti mig á hvernig þeir sem grófu upp rómversk hús á Suður-Englandi í byrjun 20. aldar áttu til að merkja byggingar og herbergi. En reyndar þegar hugsað er út í það þá þjónuðu byggingarnar í Skálholti einnig sem aðsetur og býli aðals (þó án baðhúss og *vomitarium*), þannig að kannski er þetta kerfi, sem er gegnsætt og rökrétt, ekki óviðeigandi hér.

Það sló mig hversu lík sum mannvirkin í Skálholti eru þeim sem ég hef grafið upp frá sama tímabili á vestureyjum Skotlands. Skortur á timbri á báðum stöðum hefur leitt til þess að fólk varð að reiða sig á torf og grjótt til að reisa veggi og þök. Á báðum stöðum er einnig mikið votveður, eins og sjá má af ljósmyndum af mikilli leðju á vettvangi, og uppgröfnum gólflögum úr mó og þjappaðri ösku. Með vald biskupssetursins í huga er áhugavert að fyrir utan stærð og fjölda bygginga hefur lítið verið lagt í íburðarmikinn arkitektúr. Hins vegar bjuggu mikilsverðir íbúar við nokkur þægindi þar sem herbergi voru búin viðargólfum, veggir panellagðir og gler í gluggum. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að í næstu bindum verksins muni einnig verða lögð fram gögn um forrættindi efri stétta fólks hvað varðar mataræði og persónulegar eigur.

Bindinu lýkur með fjórða kafla þar sem Gavin birtir yfirlit yfir byggingafræðilega samsetningu svæðisins. Kaflinn telur 44 síður og er því stuttur og laggóður, en að mínu mati er hér samt að finna hvað áhuga-verðustu innsýnina í hvernig búið var í byggingunum og þær breytingar sem gerðar voru á þeim með tímanum. Ég hafði sérstaka unun af þælingum Gavins á takti og endingu sem sjá má í hinum ýmsu mannvirkjum – viðgerðir og umbætur má til að mynda í sumum tilfellum tengja við vígslu nýs biskups, svo sem Þórðar Þorlákssonar árið 1670 og Jóns Arasonar árið 1722 (bls. 182).

Önnur rannsóknarnýjung, sem endurspeglar langvarandi fræðilegan áhuga Gavins á hinu efnislega og tímalega, er hugmynd hans um byggingar sem tilheyra mörgum mismunandi tímabilum. Í umfjöllun Gavins um

líftíma einstakra bygginga (bls. 197–206) fer hann í saumana á samsetningarþáttum bygginganna og skiptir þeim í lög sem hafa mögulega misjafnan líftíma. Handan við sjálft bæjarstæðið (sem tekur hægast breytingum) eru fimm lykilþættirnir byggingin, ytra lagið (innri og ytri frágangur, þak, gólf), þjónusta (fráveitukerfi og kynding), og munir (laus húsgögn, svo sem stólar, borð). Með þessu skipulagi er mögulegt að leggja til að á meðan fótspor eða vettvangur bæjarstæðis gæti enst í 100–150 ár, má vel vera að gert hafi verið við veggj sjálfra bygginganna á 50–70 ára fresti, en sértækar vistarverur hafa kannski verið gerðar upp á 25–50 ára fresti, skipt um gólf (nema viðargólf) á tveggja til þriggja áratuga fresti og ræsi á hálfra aldar fresti.

Umræða um rýmislega uppbyggingu Skálholts fer dýpra í rannsókn á flæði og greinir hvernig gengt var inn á einstök svæði, eða þeim haldið afsíðis með notkun sérstakra ganga og læstra dyra. Að lokum er ítarleg umfjöllun um byggingarefni og -tækni (bls. 211–223) og fer hún langt handan lýsinga til að kanna hvernig íbúar hafi skynjað að vera innanhúss í byggingum eins og skólamatsalnum, með tilliti til heildarstemningar byggingarinnar, auk þess hlutverks sem hiti og birta spiluðu, hvernig vatni var veitt, og viðhorfum til hreinlætis fyrir nútímann.

Ég vil ljúka þessari ritrýni með því að einfaldlega óska Gavin Lucas og Mjöll Snæsdóttur og öllu teyminu til hamingju. Útgáfan er stórsigur sem ber að hrósa. Ég treysti því að þessu bindi verði dreift og það lesið víða. Þar sem verkið er gefið út af Fornleifastofnun Íslands ses í Reykjavík en ekki af stóru alþjóðlegu forlagi er það ekki aðgengilegt til stafræns niðurhals. Það væri mjög miður ef lítið upplag eða takmarkað aðgengi drægi úr viðtökum og notkun á þessari ágætu skýrslu.

Þýðing: Helga Soffía Einarsdóttir

Heimildir

- Beaudry, M.C. & T.G. Parno (ritstj.). 2013. *Archaeologies of Mobility and Movement*. Springer, New York.
- Findlen, P. (ritstj.). 2021. *Early Modern Things. Objects and their Histories, 1500-1800*. Routledge, London.
- Gerritsen, A. & G. Riello (ritstj.). 2015. *Global Lives of Things. The Material Culture of Connections in the Early Modern World*. Routledge, London.
- Lucas, G. 2010. „The tensions of modernity: Skálholt during the 17th and 18th centuries.“ *Journal of the North Atlantic* 2, bls. 75–88.
- Orser, C.E. 1996. *A Historical Archaeology of the Modern World*. Springer, Boston MA.